



Borgartúni 6 • 105 Reykjavík

19. maí 2022



Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki



Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) Kosnir starfsmenn fundarins
- b) Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) Lagabreytingar
- e) Kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) Önnur mál



Umbrot: Margrét Kröyer

Skýrsla stjórnar starfsárið 2021 - 2022

Stjórn PÍ skipuðu:

Laufey Elísabet Gissurardóttir formaður,
Halldóra Jóhannesdóttir Sanko varaformaður,
Steinunn Jónsdóttir ritari, **Bjarnveig Magnúsdóttir** gjaldkeri og meðstjórnendurnir,
Hanna Kristín Sigurðardóttir, **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** og **Særún Böðvarsdóttir**.

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Halldóra Jóhannesdóttir Sanko er tengiliður við trúnaðarmannaráð og fulltrúi í stjórn NFFS.
Hanna Kristín Sigurðardóttir er tengiliður við fagråd.
Bjarnveig Magnúsdóttir er tengill við vísindasjóð.

Særún Böðvarsdóttir er tengiliður við Þroskahjálp og við laganefnd. **Jóhanna Lilja Ólafsdóttir** er tengill við útgáfuråd. **Anna Lilja Magnúsdóttir**, framkvæmdastjóri PÍ, er tengiliður við Kjörnefnd og Vísindasjóð.

Laufey Elísabet Gissurardóttir er tengiliður við Siðanefnd, og fulltrúi í stjórn NFFS.

Hér á eftir verður greint frá því helsta í starfi stjórnar á liðnu ári, en þessi mynd er lýsandi fyrir fundafyrirkomulagið hjá stjórn sem hittist alla jafna á þriggja vikna fresti.

Áræðni - Framþróun - Sveigjanleiki

Hlutverk skrifstofu

- Ráðgjöf vegna kjara- og réttindamála.
- Ráðgjöf vegna ráðningarsamninga.
- Kjarasamningagerð og stofnanasamningagerð.
- Upplýsingar varðandi launakjör og launaþróun.
- Fræðsla frá formanni og framkvæmdastjóra út á stofnunum/fyrirtækjum þar sem félagsmenn starfa.
- Lögfræðipjónustu BHM á sviði vinnuréttar.
- Aðstoð við lausn ágreiningsmála á vinnustað.
- Ráðgjöf til félagsmanna í atvinnuleit og stuðningur til atvinnulausra félagsmanna.
- Félagið er talsmaður/fulltrúi félagsmanna í einstaklingsmálum, ef óskað er eftir.
- Annast samstarf við NFFS (nordisk forum for socialpedagoga og situr formaður ásamt varaformanni í stjórn NFFS) einnig samstarf við AIEJI sem eru alþjóðleg samtök þroskaþjálfar/social educators.
- Aðgang að sjóðum BHM (styrktarsjóður, sjúkrasjóðir, orlofssjóður, starfsmenntunar-sjóður, starfsþróunarsetur háskólamanna).
- Aðgang að orlofshúsum BHM.
- Styrki úr Vísindasjóði og fag- og fræðslusjóði.
- Félagið birtir atvinnuauklýsingar fyrir félagsmenn og vinnustaði.
- Halda yfirlit yfir og bókfæra innheimt félagsgjöld og önnur samningsbundin og lögboðin gjöld.
- Annast skráningu nýrra félagsmanna og viðhalda félagaskrá og netfangalista.
- Senda grunnupplýsingar til vinnuveitenda varðandi félagsgjöld og sjóði.
- Annast skjalavörslu, bréfaskriftir og upplýsingamiðlun.
- Annast dagleg samskipti við viðskiptaaðila, s.s. stjórnir, nefndir, ráð, BHM, DK, viðskiptabanka og Advania.
- Aðstoða félagsmenn, trúnaðarmenn og fulltrúa í samstarfsnefndum og kjaranefndum við túlkun og framkvæmd kjarasamninga.
- Undirbúa félagsfundir.
- Undirbúa starfsdaga ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar PÍ.
- Undirbúa málþing ásamt undirbúningsnefnd fagráðs og stjórnar PÍ.
- Undirbúa fræðslu PÍ.
- Funda með trúnaðarmönnum og félagsmönnum á vinnustöðum um allt land sem og á fjárfundum.
- Vinna tengd BHM svo sem í nefndum og ráðum.
- Undirbúningur fyrir aðalfund.
- Vera í tengslum við ráð og nefndir félagsins.
- Fræðsla til háskólanema.
- Vinna við starfsmat.

Reikningsár skrifstofunnar er almanaksárið. Reikningar eru skoðaðir af gjaldkera og skoðunarmönnum félagsins. Félagið er með keypta þjónustu hjá bókkara og löggildan endurskoðanda til að sjá um bókhald félagsins.

Hefðbundin stjórnarstörf

Stjórn fundaði reglulega á árinu eða í alls 12 skipti. Umfjöllunarefni stjórnar þetta árið voru fagmál, kjaramál, starfsmat, erlent samstarf, starfsemi BHM auk rekstrarmála félagsins.

Starfsárið 2021 - 2022

Fundir með stjórn ÞÍ, nefndum og ráðum voru haldnir 30. september 2021 þar sem markmið fyrir starfsárið voru sett og skipting verka átti sér stað. Þar sem ekki var hægt að funda í raunheimum, funduðu formaður og framkvæmdastjóri með hverju ráði og nefnd á þessu sinni. Í ráðum og nefndum félagsins þetta starfsár voru:

Fagrað

Særún Sigurjónsdóttir (2021-2023)
Marta María Víðó (2020-2022)
Auður Kvaran (2021-2023)
Kolbrún Stígisdóttir (2020-2022)
Lilja Össurardóttir (2021-2023)
Sunna Mjöll Bjarnadóttir (2020 – 2022)
Sigrún Stella Þrastardóttir (2020 – 2022)

Tengiliður við stjórn:

Hanna Kristín Sigurðardóttir

Kjörnefnd

Selma Hauksdóttir (2020-2022)
Álfheiður Hafsteinsdóttir (2021-2023)
Valborg Helgadóttir (2021-2023)
Sigurbjörg Sverrisdóttir (2021-2023)
Ragnhildur Þórarinsdóttir (2020-2022)

Tengiliður við stjórn:

Anna Lilja Magnúsdóttir

Laganefnd

Steinunn Hafsteinsdóttir (2020-2022)
Björn Finnbogason (2020-2022)
Ólafía M. Hinriksdóttir (2021-2023)
Bjargey Hinriksdóttir (2021-2023)
Bryndís Guðmundsdóttir (2021-2023)

Tengiliður við stjórn:

Særún Ósk Böðvarsdóttir

Útgáfuráð

Hallbjörn Valgeir Rúnarsson (2020-2022)
Ingibjörg Elín Baldursdóttir (2020 - 2022)
Guðrún Benjamínsdóttir (2020-2022)
Trausti Júlíusson (2021-2023)
Rósa Hrönn Árnadóttir (2021-2023)
Helga Sigurðardóttir (2021-2023)
Laufey Elísabet Löve frá Rannsóknarstofu í þroskaþjálfrafræðum

Tengiliður við stjórn:

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Vísindasjóðsstjórn

Valborg Helgadóttir formaður
Bjarnveig Magnúsdóttir gjaldkeri ÞÍ
Þórunn Halldórsdóttir ritari

Tengiliður við stjórn:

Anna Lilja Magnúsdóttir

Siðanefnd

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir (2021-2024)
Guðný Sigurjónsdóttir (2019-2022)
Signý Þórðardóttir (2020-2023)

Varamenn:

Árni Már Björnsson (2021-2024)
Friðrik Sigurðsson (2022-2025)
Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir (2020-2023)

Tengiliður við stjórn:

Laufey Elísabet Gissurardóttir

Skoðunarmenn reikninga eru **Sigríður Rut Hilmarsdóttir** og **Fanney Sumarliðadóttir**



ÞROSKAÞJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

Stéttarfélagar eru 787 talsins, fagaðilar 11 auk þess sem nokkrir nemar í þroskaþjálfrafræðum skráðu sig sem aukafélaga.

Trúnaðarmannafundir voru sex á starfsárinu. Þeir voru haldnir 8. september 2021, 9. nóvember 2021, 14. febrúar 2022, 8. mars 2022, 4. apríl 2022 og 5. apríl 2022, Allir þessir fundir voru haldnir í fjarfundi, sjá skýrslu frá trúnaðarmannaráði.

Í trúnaðarmannaráði eru:

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins
Herdís Hersteinsdóttir

Framhaldsskólar
Vantar

Ás styrktarfélag/búseta
Aðalbjörg Jónsdóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Herdís Halla Ingimundardóttir

Ás styrktarfélag/dagþjónusta
Andrea Bergmann Halldórsdóttir

Skálatúnsheimilið
Jónína Guðný Árnadóttir

Hafnarfjörður leikskólar
Lilja Sólrún Guðmundsdóttir

Grunnskólar Hafnarfjarðar
Margrét Erla Haraldsdóttir

Víðivellir í Hafnarfirði
Kristín Helga Skarphéðinsdóttir

Reykjanesbær
Linda Birgisdóttir

Reykjavík-búseta
Ingibjörg Elín Jóhannsdóttir

Reykjavík-dagþjónusta
Oddrún Ólafsdóttir

Grunnskólar Reykjavíkur
Ragnheiður E. Ragnarsdóttir

Fellaskóli grunnskóli í Reykjavík
Gunnhildur Halldóra Axelsdóttir

Mosfellsbær
Vantar

Klettaskóli
Guðríður M. Eyvindardóttir

Leikskólar Reykjavíkur
Vantar

Seltjarnarnesbær
Kristín Helga Magnúsdóttir

Austurland
Guðbjörg Gunnarsdóttir

Norðurland
Gestur Guðrúnarson

Grunnskólar Akureyrar
Ólafur Aron Pétursson

Suðurland, búseta-dagþjónusta
Guðrún Linda Björgvinsdóttir

Grunn- og leikskólar á Suðurlandi
Nína Kjartansdóttir

Vesturland - Akranes
Kristín Ósk Karlsdóttir

Vestfirðir
Birgitta Rós Björnsdóttir

Garðabær
Helga Linnét

Ríki Landspítali
Gerður Pálsdóttir

Grunnskólar Kópavogs
Þórunn Guðrún Einarsdóttir

Kópavogur/Velferðarsvið
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Frístundahluti SFS Reykjavík
Þórunn Skúladóttir

Vestmannaeyjar
Sunna Jónsdóttir

Grunnskólar-Hafnarfjörður
Margrét Erla Haraldsdóttir



Kjaramálin

Innleiðingu styttingar vinnuvikunnar er að mestu lokið og verið er að skoða og meta hvernig hefur til tekist en þetta hefur verið sérstaklega flókið hjá vaktavinnufólki. Almennu hefur víðast hvar tekist vel til með að stytta vinnuvikuna en þó þarf að sníða af ýmsa vankanta, það er ljóst. Á sumum stöðum hefur styttingin aukið vinnuálagið en það endurspeglar yfirleitt þann mönnunarvanda sem var fyrir, til dæmis í leikskólum og velferðarþjónustu. BHM á fulltrúa í öllum þeim innleiðingarhópum sem hafa verið skipaðir vegna styttingar vinnuvikunnar, auk þess að eiga fulltrúa í stýrihópi og matshópi. Formaður og framkvæmdastjóri eru fulltrúar bandalagsins í innleiðingarhópi hjá Sveitarfélögum og Reykjavíkurborg um styttingu vinnuvikunnar hjá vaktavinnufólki. Formaður ÞÍ hefur setið nokkra fundi hjá stýrihópi sem varamaður. Finna má allar helstu upplýsingar inni á www.betrivinnutimi.is bæði hvað varðar dag- og vaktavinnu.

Nokkrar heilbrigðisstéttir innan aðildarfélaga BHM hafa tekið sig saman í umræðuhópi sem hittist reglulega og skoðar stöðuna með fókusi á launasetningu í stofnasamningum innan ríkisins. Það er brýnt að hækka grunnröðun þessara stétta ef það á að takast að vinna á mönnunarvandannum sem einkennir okkar stétt.

Undirbúningur fyrir næstu kjaraviðræður er smám saman að fara af stað hjá BHM. Það er gott samráð og umræða milli aðildarfélaga BHM sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta og Kjara- og réttindanefnd ásamt sérfræðingum BHM í kjaramálum leiða vinnuna.

Í febrúar gerði BHM, í samstarfi við Maskínu könnun meðal félagsfólks um viðhorf og reynslu af styttingu vinnuvikunnar og fjarvinnu, um starfsumhverfi og starfsaðstæður og ýmsa þætti tengdum undirbúningi kjaraviðræðna. Verið er að vinna úr niðurstöðum og ég vænti þess að þær verði kynntar innan skamms. Þátttökuhlutfall félagsfólks ÞÍ var 45%.

Ljóst er að þau skref sem voru stigin í síðustu kjarasamningum og varða styttinguna hrófla við ýmsum öðrum ákvæðum kjarasamninga en það á eftir að koma betur í ljós og samtal um þau mál er í gangi milli aðila. Alla kjarasamninga sem ÞÍ er aðili að, má finna á heimasíðu félagsins.

Síðastliðið haust kom út skýrsla starfshóps forsætisráðherra um endurmat á virði kvennastarfa. Niðurstöður þessarar skýrslu kemur fram að ástæðurnar fyrir því að kynbundinn launamunur er enn til staðar og virði kvennastarfa er minna en virði karlastarfa eru viðhorf til kynjanna og afar kynskiptur vinnumarkaður. Proskapjálfar tilheyrja þessum hópi. Hægt er að kynna sér þessa skýrslu [hér](#).

Hagvaxtarauki

Í gildandi kjarasamningi ÞÍ við Samband íslenskra sveitarfélaga er tengiákvæði við lífsskjarasamninga á almennum vinnumarkaði um greiðslu hagvaxtarauka. Frá 1. apríl bætist því hagvaxtaraukinn 10.500 kr. við grunnlaun í launatöflu gildandi kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga og hjá Reykjavíkurborg við Þroskaðjálfafélag Íslands.

Hjá ríkinu segir að kauptaxtar muni hækka um 10.500 kr. og launaauki á föst mánaðarlaun fyrir dagvinnu verður 7.875. BHM hefur tekið að sér viðræður við ríkið þar sem öll aðildarfélög BHM eru ósátt við þessa einahlíða ákvörðun þeirra að afgreiða hagvaxtaraukann á ólíkan máta við aðra viðsemjendur.

BHM

Þroskaðjálfafélagið er virkur þátttakandi í öllu starfi BHM. Formaður ÞÍ er formaður í stjórn Starfsþróunarseturs háskólamanna. Framkvæmdastjóri ÞÍ er formaður í stjórn styrktarsjóðs og fyrir hönd BHM í starfsmatsnefnd Reykjavíkurborgar. Gerður Pálsdóttir, trúnaðarmaður ÞÍ, er formaður stjórnar orlofssjóðs BHM.

Formannafundur BHM eru haldnir mánaðarlega þar sem farið er yfir mál aðildarfélaga og bandalagsins. Formaður tekur þátt í formannaráðsfundum en þar sitja formenn aðildarfélaga bandalagsins auk stjórnar BHM. Formannaráð fer með æðsta vald milli aðalfunda BHM.

Stefnumótunarþing var haldið í febrúar en því hafði ítrekað verið frestað vegna COVID. Þí átti sína fulltrúa þar. Unnið var í hópum þar sem hver hópur fjallaði um kafla í stefnunni út frá fyrirliggjandi tilögum sem vinnuhópur þvert á aðildarfélög hafi unnið að. Það var mál manna að þingið hafi tekist vel og skipulag verið afar gott. Nýja stefnu má finna á heimasíðu BHM og ég hvet ykkur til að kynna ykkur hana.

BHM stóð fyrir fjölbreyttri fræðslu af ýmsum toga á síðasta ári. Á námskeiðsvef BHM er hægt að kynna sér hvað er í boði. Fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn var fært yfir á rafrænt form og er því mun aðgengilegra nú en áður.



BHM hefur samið við fræðslufyrirtækið Akademias um aðgang að rafrænum fyrirtækjaskóla þess fyrir félagsmenn aðildarfélaga BHM. Akademias er rafrænn vettvangur fyrir menntun og þjálfun sem býður upp á fjölda lengri og styttri námskeiða og námslína. Listi yfir námskeið í fyrirtækjaskóla eru neðar í þessum tölvupósti. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur sérstaklega það sem Akademias hefur upp á að bjóða.

Tíu aðildarfélög BHM sendu frá sér yfirlýsingu 8. mars 2022, á alþjóðlegum baráttudagi kvenna, yfirlýsingin hljóða svona;

Í ljósi samfélagsumræðu undanfarin misseri vilja undirrituð aðildarfélög BHM koma því á framfæri að þau fordæma allt ofbeldi, þar með talið kynbundið og kynferðislegt ofbeldi.

Við trúum þolendum ofbeldis og stöndum með þeim.

Rannsóknir á alþjóðavísu sýna að um helmingur kvenna á vinnumarkaði hefur upplifað kynferðislega áreitni.

Fyrstu niðurstöður íslenskrar rannsóknar sýna að 40% kvenna hér á landi hafa orðið fyrir líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi á lífsleiðinni. Alls 32% hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni á vinnustað og 14% glíma við einkenni áfallastreituröskunar sem hamla þeim í daglegu lífi.

Við skorum á stjórnvöld, fyrirtæki, stofnanir, félagsamtök og einstaklinga að leggja sitt af mörkum til að uppræta menningu, venjur og samskipti sem næra þann jarðveg kvenfyrirlitningar sem kynbundið ofbeldi sprettur úr. Vitað er að slík menning hefur áhrif á viðhorf og kerfi samfélagsins, meðal annars verðmætamat starfa sem teljast hefðbundin kvennastörf.

Við erum sem samfélag komin áleiðis en samt er langt í land þegar horft er til tölulegra staðreynda. Afleiðingar ofbeldis og kerfisbundins kynjamisréttis á lýðheilsu og lífsgæði kvenna eru miklar og neikvæðar fyrir öll kyn. Breytinga er þörf!



Fræðslufundir og starfsdagar

Því miður varð að breyta áætluðum starfsdögum í Hveragerði í stafrænt málþing vegna Covid. Málþingið var haldið 23. September 2021 og bar yfirheitið; *Réttindabaráttan – hvar stöndum við?* Fundastjóri var Þorsteinn Guðmundsson. Fyrirlesarar voru Jón Þorsteinn Sigurðsson þroskaþjálfari sem starfar hjá Réttindagæslu fatlaðs fólks. Anna Tryggvadóttir, lögfræðingur og Páll Ólafsson félagsráðgjafi. Ræddu um stöðu frumvarps um Samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Helga Harðardóttir, framkvæmdastjóri Einstakra barna ræddi réttindabaráttu barna og hvernig þroskaþjálfar geta komið að henni. Haukur Guðmundsson, formaður Átaks og Inga Hanna Jóhannesdóttir, stjórnarmeðlimur Átaks, ræddu um hvernig þroskaþjálfar geta komið að réttindabaráttu fatlaðs fólks. Síðasta erindið flutti Árelía Eydís Guðmundsdóttir, dósent við Háskóla Íslands Hvað með mig? Hvernig sameina ég lífsins verkefni og blómstra, er það hægt? Í lokinn var Sólmundur Hólm Sólmundarson með uppistand.

Pann 31. maí 2021 var kynning á því hvernig þroskaþjálfanámíð hefur þróast. Undanfarin ár hefur nám í þroskaþjálfarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands verið í þróun og tekið þeim breytingum að nám til starfsréttinda er nú fjögur ár. Hverjar eru þessar breytingar og hvað hefur bæst við? Ruth Jörgensdóttir Rauterberg, aðjunkt og námsbrautarformaður, fór yfir ferlið og þær breytingar sem orðið hafa á náminu. Hún kynnir eftirfarandi námsleiðir; Þroskaþjálfarafræði til starfsleyfis sem þroskaþjálfari, viðbótardiplóma (60e) – svokallaða „fjórða árið“ sem var þróað eftir að námið var lengt.

Þroskaþjálfarafræði, viðbótardiplóma (30e) – hugsuð fyrir starfandi þroskaþjálfara sem vilja styrkja sig í starfi og fræðum og ágætis stökkpallur inn í meistaranám.

Pann 2. mars 2022 var haldið erindið; Þroskaþjálfar í grunnskóla og Covid. Upplifun þroskaþjálfara af fyrstu bylgju faraldursins og samtal um hvernig málin hafa þróast.

Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Anna Björk Sverrisdóttir sögðu frá niðurstöðum hluta könnunar sem er hluti af stærri rannsókn fræðafólks frá Menntavísindasviði Háskóla Íslands á áhrifum COVID-19 faraldursins á skóla- og frístundastarf. Um er að ræða spurningakönnun þar sem bæði voru opnar og lokaðar spurningar.



Meginrannsóknarspurningin var: Hver er reynsla proskapjálfa í grunnskóla af áhrifum faraldursins á þjónustu við nemendur? Tilgangur könnunarinnar var að skoða reynslu proskapjálfa í grunnskóla af áhrifum faraldursins á þjónustu við nemendur og upplifun þeirra á faglegri ábyrgð sinni í skertu skóla- og frístundastarfi. Markmið hennar er að varpa ljósi á þjónustu og stuðning við nemendur og bera kennsl á leiðir og lausnir sem hafa reynst vel og munu jafnvel stuðla að bættri þjónustu við öll börn þegar faraldurinn er afstaðinn.

Þann 9. mars 2022 var haldið erindið Skýrum, setjum og virðum mörk. Steinunn Stefánsdóttir, MSc í viðskiptasálfræði og MSc í streitufræðum, ræddi um mikilvægi þess að fagstétin ræði, skýri og styrki mörk, sjálfsvirði og framþróun okkar inn á við jafnt sem út á við. Einnig tók hún á því hvernig við sýnum

hugrekki og látum til okkar taka, upplifum lífs- og vinnugleði án þess að missa stjórn og enda í kulnun.

Í byrjun maí 2022 hélt fagræð hálfs dags málþing á Fosshótel undir heitinu Skiptir kyntjáníng máli þegar aðstoða á við persónulegar athafnir? Þar var velt upp kyntjáníngu bæði starfsfólks og þjónustuþega og fjallað um málið frá ólíkum hliðum. Eftir málþingið gafst loks tækifæri til að spjalla saman og gera sér glaðan dag.

Alþjóðlegur dagur proskapjálfa er 2. október. Proskapjálfar hafa kunnáttu og þekkingu til að veita fótluðu fólki og öðrum sem hafa skerta færni þann stuðning og þjónustu sem það þarfnast á hverjum tíma. Reynslan sýnir að proskapjálfar hafa mikilvægu hlutverki að gegna og þjóna fjölbreyttum hópum í samfélaginu.



Proskapjálfafinn 2021

Proskapjálfafinn er rafrænn og er að finna á heimasíðu félagsins [Proskapjálfafinn](#). Í þessu blaði eru ýmsar áhugaverðar greinar eftir **Guðrúnu V. Stefánsdóttur**, **Brýndísi Víglundsdóttur**, **Ruth Jörgensdóttur Rauterberg** og **Kolbrúnu P. Pálsdóttur**, **Jóhönnu Lilju Ólafsdóttur** og **Kristínu Lilliendahl**.

Erlent samstarf

Proskapjálfafélag Íslands á aðild að Nordisk Forum for socialpedagoger (NFFS) samtökum norræna proskapjálfa. Í þessu samstarfi eru félög frá Noregi, Danmörku, Færeyjum og Grænlandi.

Á síðasta ári var haldinn stjórnfundur hjá NFFS 11. og 12. nóvember í Osló og á þann fund mætti formaður og varaformaður PÍ. Á fundinum í nóvember var farið yfir svo kölluð landsrapport, löndin senda inn fyrir fundinn skýrslu frá hverju landi þar sem kemur fram meðal annars; núverandi stjórnmálaástand, kjaramál og vinnuaðstæður, vinnutími,

atvinnuleysi í löndunum, námið, innra starf félagsanna eins og starfsdagar málþing og fl. Næsti fundur verður haldinn í Osló í 20. og 21. júní á þessu ári.

Félagið er með aðild að AIEJI (International Association of Social Educators). Stjórn samtakanna hittist að jafnaði tvisvar á ári og eru fundir haldnir á mismunandi stöðum, til að styðja við starfsemi aðildarfélags í viðkomandi landi.





Samstarf við háskólasamfélagið

Vorið 2021 var ekki haldið boð fyrir útskriftarnema þar sem námið var lengt í fjögur ár og nú í vor eru fyrsti útskriftarhópurinn að útskrifast með fjöggra ára nám í þroskajálfafræði til starfsleyfis, það er 180 ECTS eininga BA próf í þroskajálfun auk 60 ECTS einingar viðbótarprófi á meistarastigi í þroskajálfun.

Frá árinu 2014 hafa Landssamtökin Þroskahjálp verðlaunað nemendur í þroskajálfafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands fyrir B.A. verkefni með það að markmiði að vekja athygli á framúrskarandi verkefnum og stuðla að nýsköpun. Í október 2021 hélt þroskajálfafélag Íslands hof þar sem veitt voru verlaun fyrir framúrskarandi verkefni.

Leiðsagnarkennarar lokaverkefna í þroskajálfafræðum tilnefndu verkefni til umsjónarmanna loka-verkefna og dómnafnd, sem skipuð er fulltrúum frá Landssamtökunum Þroskahjálp, Þroskajálfafélagi Íslands og umsjónamanni lokaverkefna í þroskajálfafræðum.

Verkefnin sem tilnefnd voru í ár voru vel unninn og mikill metnaður lagður í útfærslu þeirra. Valið var erfitt og því var ákveðið að velja þrjú verkefni, í stað tveggja eins og venjan er.

Tvö verkefni deildu 2. sæti, það voru „Hreyfing dagsins og góð ráð (verkefnabók og greinagerð)“ eftir þær Guðnýju Hönnu Sigurðardóttur og Selmu Shwaiki.

„Það læra börn sem fyrir þeim er haft – hugmyndir af félagsfærniþjálfun“ eftir Önnu Maríu Snorraddóttur.

Í 1. sæti var verkefnið „Enginn er eins“ eftir Anderu Rut Birgisdóttur og Maríu Erlu Finnbjörnsdóttur. Leiðbeinandi var Ruth Jörgensdóttir Rauterberg.

Verkefnið fólst í gerð barnabókarinnar Enginn er eins, og greinargerð. Í umsögn um verkefnið segir: „Barnabókin er aðlaðandi og eru myndirnar í bókinni einstaklega fallegar. Með bókinni opna höfundar á mikilvæga umræðu. Verkefnið er frumlegt, felur í sér nýsköpun og hefur fræðilegt og hagnýtt gildi og er það mikilvægt framlag til fagleggrar umræðu innan þroskajálfafræða. Í verkefninu setja höfundar eitt af lykilhlutverkum þroskajálfa í brennidepil: að stuðla að vitundarvakningu og fræðslu. Það er krefjandi verkefni að búa til barnabók sem er fræðandi og aðgengileg en eykur ekki á staðalímyndir um ákveðnar skerðingar og gera höfundar vel grein fyrir öllum áskorunum sem því fylgdu. Höfundar benda á að fræðsla um fötlun felst í fræðslu um mannréttindi, um félagsleg sjónarhorn á fötlun og margbreytileika, um aðgengi og um sameiginlega ábyrgð okkar allra á að skapa inngildandi samfélag. Þar með nær fræðslan einnig til foreldra og fagfólks sem koma til með að lesa bókina með börnunum.“

Samkvæmt viljayfirlýsingu sem Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Þroskajálfafélag Íslands hafa undirritað um faglegt samstarf er kveðið á um að báðir aðilar komi á sameiginlegum vettvangi til fagleggrar umræðu um störf, starfsvettvang og menntun þroskajálfa og skal sérstaklega tiltaka

símenntun og framhaldsmenntun fagstéttarinnar. Hefur félagið átt tvo fundi með Menntavísindasviði Háskóla Íslands á starfsárinu, í október 2021 og mars 2022, þar sem rætt var m.a. um 60e viðbótardiplóma í þroskaþjálfaræðum og ráðstefnu sem stefnt er að halda 20. Október 2022 sem ber yfirheitið Sjálfstæði, lýðræðisþáttaka með tilstyrk Fjórdou iðnbýltingar

Síðasta ár hefur verið fordæmalaust í heiminum og mikið álag verið á allt samfélagið hér á Íslandi og hafa þroskaþjálfar staði vaktina og unnið oft við erfiðar aðstæður. Heilbrigðisstéttir og uppeldisstéttir hafa enn og aftur sýnt það hversu mikilvægu hlutverki þessar stéttir sinna.

Nefndir og ráð félagsins hafa fundað í gegnum fjarfundabúnað síðasta starfsár eins og stjórn félagsins. Eiga allir mikla þökk fyrir að finna leiðir og vera úrræða góð á þessum tímum. Mikilvægt er að

hafa virka félagsmenn sem endurspeglast í starfi félagsins. Þessum aðilum verður seint fullþakkað. Sjá skýrslur frá ráðum og nefndum félagsins hér aftar í skýrslunni.

Stjórn vill þakka öllum þeim þroskaþjálfum sem hafa komið að starfi félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf.

Áherslur stjórnar 2021 - 2022

Efla upplýsingar um fagleg og kjaratengd mál, vinna við framkvæmd kjarasamninga, endurskoða stofnanasamninga og gæta hagsmuna félagsmanna. Byggja upp og styrkja innviði félagsins

Reykjavík 11. maí 2022

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

Laufey Elísabet Gissurardóttir,
formaður PÍ

Skýrsla gjaldkera starfsárið 2020-2021

Gjaldkeri vann með formanni og framkvæmdastjóra félagsins árið 2021. Hann hefur átt samráð við formann, framkvæmdastjóra og stjórn um rekstur félagsins.

Gjaldkeri situr í stjórn Vísindasjóðs PÍ og greiðir út styrki með framkvæmdastjóra sem samþykktir eru.

Félagssjóður skilaði rekstarhagnaði upp á kr.: **12.654.570,-** eftir fjármagnsliði árið 2021.

Störf gjaldkera eru:

- Vinnur með framkvæmdastjóra.
- Veitir ráðgjöf og aðhald varðandi rekstur félagsins.
- Kemur að gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Vantar nafn gjaldkera
gjaldkeri PÍ

Skýrsla trúnaðarmannaráðs 2021-2022

Trúnaðarmannaráð hélt sex fundi á starfsárinu og voru þeir allir haldnir í fjarfundi.

Trúnaðarmaður er kosinn til tveggja ára í senn og eru þeir alla jafna kosnir að hausti, á oddaári. Trúnaðarmenn þurfa því að skoða sitt umboð og ef það er runnið út að endurnýja það eða kjósa um nýjan trúnaðarmann. Mikilvægt er að skila útfylltu eyðublaði með upplýsingum um kjörinn trúnaðarmann á skrifstofu félagsins.

Á trúnaðarmannaráðsfundunum var mikið rætt um styttingu vinnuvikunnar og innleiðingu

hennar. Töluvert hefur mætt á forstöðumönnum við innleiðingu og gerð vaktaplana, en að mörgu þarf að huga vegna breytts landslags.

Undirbúningur fyrir komandi kjarasamninga er hafinn og er trúnaðarmannaráð byrjað að taka saman áherslupunkta fyrir vinnuna sem framundan er. Trúnaðarmenn funduðu í smærri hópum þar sem rætt var um kröfugerð.

Stefnt er að því að næsti trúnaðarmannaráðsfundur verði í haust og að hann verði haldinn í Borgartúni 6.

Skýrsla laganefndar 2021-2022

Laganefnd hittist 2. sinnum á þessu ári.

Ekki höfðu borist nein erindi um lagabreytingar og þótti ekki tilefni til þess hjá laganefndinni.

Skýrsla fagráðs 2021-2022

Starf fagráðs hefur eins og áður litast af höftum í samfélaginu en fagráð hefur nýtt sér rafrænar lausnir og hafa flestir fundir ráðsins farið fram í gegnum Teams. Ráðið hefur frá síðasta aðalfundi haldið 11 formlega fundi ásamt því að nýta spjallþræði til að fylgja málum eftir.

Í september 2021 voru starfsdagar á Hótel Örku undir heitinu Réttindabaráttan – hvar stöndum við skipulagðir en vegna takmarkana var ekki hægt að hittast. Starfsdögunum var því snarlega breytt í rafrænt málþing sem sent var út frá Hilton 23. september 2021. Þökkum við öllum fyrirlesurum og starfsfólki málþingsins fyrir jákvæð samskipti og liðlegheit við þessar breyttu aðstæður.

Þann 9. mars hélt fagráð fræðsluna Skýrum, setjum og virðum mörk þar sem Steinunn Stefánsdóttir, MSc í viðskiptasálfræði og MSc í streitufræðum ræddi meðal annars við okkur um mikilvægi þess að fagstéttin ræði, skýri

og styrki mörk sín. Fyrirlesturinn fór fram í húsnæði Proskapjálfafélagsins en það er í fyrsta sinn í langan tíma sem hægt hefur verið að bjóða fólki upp á að koma saman og njóta fræðslu án þess að vera háður tölvu. Mæting í sal hefði mátt vera meiri en mögulega þurfum við að gefa okkur aðlögunartíma til þess að venjast þeirri hugsun, að það sé í lagi að hitta mikið af fólki.

Í byrjun maí hélt fagráð hálf dags málþing á Fosshótel undir heitinu Skiptir kyntjáníng máli þegar aðstoða á við persónulegar athafnir? Þar var velt upp kyntjáníngu bæði starfsfólks og þjónustupega og fjallað um málið frá ólíkum hliðum. Eftir málþingið gafst loks tækifæri til að spjalla saman og gera sér glaðan dag.

Eftir aðalfund mun fagráð koma saman og skipuleggja áframhaldandi fræðslu en tveir nýir fulltrúar munu setjast í ráðið og þökkum við fráfarandi fulltrúum gott og skemmtilegt starf.



Skýrsla útgáfuráðs 2021-2022

Proskapjálfinn kom út á síðasta ári. Rætt hefur verið um það síðastliðin ár hvernig blaðið okkar eigi að vera í framtíðinni. Þeir sem sitja í útgáfuráði hafa verið sammála um að mikilvægt sé að koma blaðinu reglulega út og rætt hefur verið um það síðastliðin ár hvernig blaðið okkar eigi að verða í framtíðinni og á rafrænu formi. Þeir sem sitja í útgáfuráði hafa verið sammála um að mikilvægt

sé að koma blaðinu reglulega út og láta það liggja frammi á fjölförnum stöðum, ásamt því að deila efni á netmiðlum til þeirra sem standa okkur nærri. Það er vilji útgáfuráðsins að gefa blaðið út oftari en verið hefur og því er mikilvægt að félagsmenn séu virkir og sendi inn greinar um það sem þeir eru að fást við.

Skýrsla siðanefndar starfsárið 2020-2021

Hlutverk siðanefndar er að stuðla að siðferðilegri íhugun og vitund meðal þroskaþjálfara og halda siðferðilegri umræðu á lofti innan félagsins. Til siðanefndar er hægt að beina fyrirspurnum um ráðgjöf og umfjöllun um siðferðileg málafni, auk erinda vegna hugsanlegra brota á siðareglum félagsins. Siðanefnd úrskurðar um erindi sem henni berast um meint brot á siðareglum PÍ eins og þær eru á hverjum tíma.

Á þessu starfsári hefur siðanefnd fundað tvisvar sinnum í húsnæði BHM þegar þetta er ritað.

Áætlað er að nefndin hittist í byrjun maí á nokkurs konar starfsdegi siðanefndar, þar sem nefndarmenn munu leggja drög að markmiðum fyrir komandi starfsár t.d. hvað varðar fræðslu til félagsmanna.

Ekkert formlegt erindi barst til siðanefndar á yfirstandandi starfsári.

Siðareglur og starfsreglur siðanefndar eru aðgengilegar á heimasíðu Þroskaþjálfafélags Íslands <http://www.throska.is/is/um-felagid/thi/sidareglur>



Skýrsla Vísindasjóðs starfsárið 2021-2022

Framkvæmdastjóri Þroskaþjálfafélags Íslands gekk frá greiðslum Vísindasjóðsstyrkja fyrir 1. mars 2020 samkvæmt úthlutunarreglum

sjóðsins. Styrkir voru greiddir út fyrir tímabilið 1. janúar 2020 til 31. desember 2020. Alls voru greiddir 746 styrkir eða alls **kr. 68.742.120.-**.

Skýrsla kjörnefndar 2021-2022

Nefndin kom nokkrum sinnum saman á netfundum og fór yfir stöðuna, eftir það fóru samskiptin fram í gegnum tölvupósta.

Verkefni kjörnefndar er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins.

Fimmtán þroskaþjálfar luku kjörtímabili sínu í stjórn, ráðum og nefndum félagsins, níu þroskaþjálfar

gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og því eru sjö ný nöfn á lista þeim sem kjörnefnd stillir upp fyrir stjórn, nefndir og ráð. Vel gekk að manna í öll embættin.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða nýja þroskaþjálfara í stjórn, ráð og nefndir velkomna til starfa, og þakka þeim sem ljúka störfum fyrir vel unnin störf.

Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2022-2024

Stjórnarmenn	hlutverk	verður áfram/ segir af sér	gefur kost á sér í stjórn 2022-2024
Stjórn PÍ			
Laufey E. Gissurardóttir	formaður	(2020-2022)	Laufey E. Gissurardóttir
Halldóra J. Sanko	varaformaður	(2021-2023)	
Jóhanna Lilja Ólafsdóttir		(2021-2023)	
Særún Ósk Bððvarsdóttir		(2021-2022)	Særún Ósk Bððvarsdóttir
Steinunn Jónsdóttir		(2020-2022)	Steinunn Jónsdóttir
Hanna Kristín Sigurðardóttir		(2021-2023)	
Bjarnveig Magnúsdóttir		(2020-2022)	Bjarnveig Magnúsdóttir
Útgáfuráð			
Hallbjörn Valgeir Rúnarsson		(2020-2022)	Jenný Þórkatla Magnúsdóttir
Ingibjörg Elín Baldursdóttir		(2020-2022)	Erla Björgvinsdóttir
Trausti Júlíusson		(2021-2023)	
Helga Sigurðardóttir		(2021-2023)	
Guðrún Benjamínsdóttir		(2020-2022)	Guðrún Benjamínsdóttir
Rósa Hrönn Árnadóttir		(2021-2023)	
Fagrað			
Særún Sigurjónsdóttir		(2021-2023)	
Sigrún Stella Prastardóttir		(2020-2022)	Ólöf Haflína Ingólfssdóttir
Marta María Videó		(2020-2022)	Halldóra Kolka Ísberg
Lilja Össurardóttir		(2021-2023)	
Auður Björk Kvaran		(2021-2023)	
Sunna Mjöll Bjarnadóttir		(2020-2022)	Sunna Mjöll Bjarnadóttir
Kolbrún Stígsdóttir		(2020-2022)	Kolbrún Stígsdóttir
Laganefnd			
Ólafía M. Hinriksdóttir		(2021-2023)	
Bjargey Hinriksdóttir		(2021-2023)	
Steinunn Hafsteinsdóttir		(2020-2022)	Arne Friðrik Karlsson
Bryndís Guðmundsdóttir		(2021-2023)	
Björn Finnbogason		(2020-2022)	Björn Finnbogason
Kjörnefnd			
Valborg Helgadóttir		(2021-2023)	
Sigurbjörg Sverrisdóttir		(2021-2022)	Hanna Guðrún Sigurjónsdóttir (2022 -2023)
Álfheiður Hafsteinsdóttir		(2021-2023)	
Selma Hauksdóttir		(2020-2022)	Íris Björk Ágústssdóttir
Ragnhildur Þórarinsdóttir		(2020-2022)	Ragnhildur Þórarinsdóttir

Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Fanney Sumarliðadóttir

Sigríður Rut Hilmarsdóttir

Jóhanna Margrét Árnadóttir til vara

Fulltrúar sem stjórn tilnefnir**Siðanefnd**

Ingibjörg Gyða Guðrúnardóttir

(2021-2024)

Guðný Sigurjónsdóttir

(2022-2025)

Signý Þórðardóttir

(2020-2023)

Varamenn í Siðanefnd

Árni Már Björnsson

(2021-2024)

Friðrik Sigurðsson

(2022-2025)

Guðbjörg Birna Guðmundsdóttir

(2020-2023)





ÞROSKAPJÁLFAFÉLAG
ÍSLANDS

